



Siða- og samskiptareglur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

1 Inngangur og markmið

Meginhlutverk Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV/sjóðurinn) er að taka á móti iðgjöldum, ávaxta þau, greiða út lífeyri og veita sjóðfélögum góða þjónustu.

Stjórn lífeyrissjóðsins og starfsfólk hans er meðvitað um þá ábyrgð sem fylgir því að sinna störfum í þágu sjóðfélaga og eftir atvikum annarra haghafa sjóðsins.

Reglum þessum er ætlað að styðja við vönduð vinnubrögð, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og auka þannig öryggi í starfsemi sjóðsins og styðja við traustan rekstur almennt.

Í reglunum er m.a. fjallað um góða starfshætti, hagsmunaárekstra, meðferð trúnaðarupplýsinga sem og reglur um gjafir og boðsferðir.

Umsjón fjármuna sjóðsins felur í sér samskipti við aðila á fjármálamarkaði og útgefendur verðbréfa. Stjórn sjóðsins áréttar mikilvægi þess að öll slík samskipti séu í samræmi við gott viðskiptasiðferði.

2 Góðir starfshættir

Stjórnarmenn og starfsfólk skal leggja rækt við starf sitt og stunda það af kostgæfni og skulu miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar.

Stjórnarmenn og starfsfólk skal gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans.

Áreitni af nokkru tagi getur ekki samrýmst góðum samskiptum og starfsháttum og er ekki liðin.

3 Sanngirni og jafnræði

Allir sjóðfélagar, aðrir viðskiptavinir og eftir atvikum aðrir haghafar skulu njóta sanngjarnrar og hlutlausrar meðferðar við afgreiðslu mála sinna hjá sjóðnum.



Við afgreiðslu mála sjóðfélaga og maka- og barnalífeyrisþega, afgreiðslu sjóðfélagalána og við aðra þjónustu sjóðsins skal gæta jafnræðis þannig að sambærileg mál hljóti sambærilega afgreiðslu nema sterk rök séu til annars.

4 Fagleg hæfni

Stjórn og starfsfólk skal búa yfir viðeigandi þekkingu, hæfni og reynslu til að sinna störfum sínum og taka faglegar, upplýstar og ábyrgar ákvarðanir.

5 Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmönnum og starfsfólki ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra í starfi.

Þeir mega ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Stjórnarmaður eða starfsmaður sem veit um ástæður er kunna að valda vanhæfi hans skal án tafar vekja athygli á þeim.

6 Viðskipti stjórnarmanna og starfsfólks með fjármálagerninga

Um verðbréfaviðskipti gilda verklagsreglur LV um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðs með fjármálagerninga.

Verklagsreglunum er ætlað að draga úr hættu á hagsmunaárekstrum varðandi umsýslu eignasafna sjóðsins.

7 Meðferð trúnaðarupplýsinga

Stjórnarmenn og starfsfólk er bundið þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um í starfi og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

8 Störf utan lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Stjórnarmönnum og starfsfólki er óheimilt að gerast umboðsmenn annarra gagnvart lífeyrissjóðnum, til að mynda varðandi sölu á vöru eða veitingu þjónustu. Jafnframt má starfsfólk ekki reka atvinnustarfsemi samhliða störfum sínum fyrir sjóðinn eða taka að sér launað starf utan lífeyrissjóðsins, nema með leyfi framkvæmdastjóra sjóðsins.

Starfsfólki er óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja eða stofnana nema með leyfi framkvæmdastjóra.



Samkvæmt 4. mgr. 31. gr. laga um lífeyrissjóði er framkvæmdastjóra óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar sjóðsins. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórn þess.

9 Stjórnarseta í hlutafélögum sem LV á hlut í

Með samþykki framkvæmdastjóra er starfsfólki LV heimilt að sitja í stjórn félaga sem LV á hlut í sem liður í starfi sínu fyrir sjóðinn. Þóknun fyrir slíka stjórnarsetu sem og sambærileg störf, svo sem setu í fjárfestingarráðum, hluthafaráðum og hagsmunaráðum, skulu renna til sjóðsins.

Með samþykki stjórnar er framkvæmdastjóra LV heimilt að sitja í stjórn félaga sem LV á hlut í sem liður í starfi hans fyrir sjóðinn.

Stjórnarmenn skulu ekki sitja í stjórnnum félaga sem lífeyrissjóðurinn á eignahlut í, með stuðningi sjóðsins, nema með sérstöku samþykki stjórnar. Þóknanir vegna stjórnarsetu samkvæmt þessari grein skulu renna til LV.

10 Félagsmál og stjórnsmál

Áður en starfsfólk tekur að sér ábyrgðarmikil forystustörf í félagsmálum eða stjórnsmálum skal það upplýsa framkvæmdastjóra um það og ganga úr skugga um að það trufli ekki störf viðkomandi fyrir lífeyrissjóðinn eða að hætta sé á hagsmunaárekstrum. Framkvæmdastjóri skal að sama skapi hafa samráð við formann stjórnar.

11 Gjafir

Stjórnarmönnum og starfsfólki er óheimilt að þiggja gjafir í tengslum við störf sín fyrir sjóðinn. Frátaldar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti sem teljast algengar og hóflegar í slíkum tilvikum og hafa óverulegt fjárhagslegt virði.

Sé starfsfólk í vafa um hvort því sé heimilt að þiggja gjöf skal það leita álits framkvæmdastjóra. Sé framkvæmdastjóri í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf skal hann leita álits formanns stjórnar.



12 Boðsferðir og starfstengdar ferðir

Stjórnarmönnum og starfsfólki lífeyrissjóðsins er almennt óheimilt að þiggja boðsferðir í tengslum við störf sín fyrir sjóðinn.

Krefjist kynningar á fjárfestingarkostum ferðalaga skal sjóðurinn bera kostnað vegna ferða og gistingar nema annað sé sérstaklega ákveðið og formleg heimild veitt til þess.

Þá er heimilt að þiggja ferðir þar sem ferðakostnaður er greiddur að hluta eða öllu leyti enda skapi það ekki hættu á hagsmunaárekstur. Slíkar ferðir geta m.a. varðað þátttöku í ráðstefnum eða störf tengd umsýslu eignasafna eins og til að mynda setu í fjárfestingar- eða ráðgjafaráðum.

Til boðsferða samkvæmt þessari grein teljast ekki almennir viðburðir sem eru hluti af kynningu á vöru eða þjónustu í þágu sjóðsins, eru til að stuðla að tengslamyndun í þágu starfa fyrir sjóðsinn.

13 Gildissvið

Reglurnar gilda um stjórn og starfsfólk sjóðsins.

Reglur þessar skulu vera hluti af ráðningarsamningi starfsfólks. Þar skal koma fram að starfsfólk skuldbindi sig til að hlíta þeim í samræmi við gildandi reglur og mögulegar uppfærslur á þeim.

14 Viðurlög

Brot gegn reglum þessum geta leitt til viðurlaga, þar á meðal áminningar, breytinga á störfum eða starfsloka, allt eftir eðli brotsins.

15 Gildistaka og endurskoðun

Reglurnar öðlast gildi 1. mars 2025.

Reglurnar skulu yfirfarnar eftir því sem tilefni er til, en að jafnaði ekki sjaldnar en þriðja hvert ár.

Samþykkt á fundi stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

20. febrúar 2025

Reglurnar eru undirritaðar rafrænt